



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2012 – 2013.

Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi 21 maí 2012 og tók nýkjörin stjórn þá strax til starfa og skipti með sér verkum.

Formaður sat fund með starfshóð innan SGS sem fjallaði um lífeyrismál 4. júní kl, 13:00 til 16:00 að Sætúni 1 Reykjavík.

Formaður fór á formannafund sem haldin var á Akranesi 8. júní kl, 10:00 og stóð fundurinn til kl, 16:00. Þetta var fyrsti formannafundurinn sem haldin er eftir nýja fyrirkomulaginu hjá SGS. Á fundinum voru rædd mál sem varða félögin sameiginlega og stefnumörkun á málum sem voru til umsagnar hjá SGS.

Formaður sat fund í siðanefnd ASÍ sem haldin var 12. júní kl, 10:00 að Sætúni 1 og fjallað var um húsnæðismál almennt og hvernig ASÍ ætti að nálgast þann málaflokk.

Skrifstofu félagsins var haldið opinni í allt sumar og gekk það vel með tilliti til þjónustu við félagsmenn.

Stjórnarfundur var haldinn 27. Ágúst þar sem Gilfi Arbjörnsson mætti á fundin og fór yfir stöðuna í samningamálunum vegna forsendubrests og fleira. Alls voru 7 mál á dagskrá fundarinn.

Formaður sat fund 4. Sept. um málefni fatlaðra eistaklinga og hvort SGS ætti að gera kjarasamning vegna aðstoðarmanna fatlaðra.

Formaður sat fund í nefnd á vegum SGS sem yfirfór tillögur sem eiga að fara í umræður á þingi ASÍ 17. Til 19. október. Fundurinn var að Sætúni 1 5.sept.



Formaður sat ráðstefnu um mentamál framtíðarinnar, Hvað getum við gert til að efla mentun félagsmanna okkar sem haldin var af ASÍ á Hótel Nordicka í Reykjavík föstudaginn 21. Sept kl 8:30.

Fjórir fyrirlesarar voru á ráðstefnunnu þeir Skúli Helgason, Ingibjörg Elsa, Halldór Grönnvold og Ástþór Ingþórsson. Ráðstefnuni lauk með allborði kl, 12:30.

Stjórnarfundur var haldin miðvikudaginn 26 september kl, 18:00 og voru alls níu mál á dagskrá, eitt af þeim var að stjórnin samþykkti að setja sér siðareglur.

Talning á atkvæðum um samning við Félag Smábátæigenda sem fór fram hjá sáttasemjara föstudaginn 5. október og var samningurinn samþykktur með 64,3% sögðu já og 35,7% sögðu nei.

Formaður sótti kynningu á verkefninu Sóknaráætlun fyrir Suðurnes og tók þátt í hópavinnu um verkefnið á þingi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 6. Október sem haldið var í Grunnskóla Sandgerðis.

Formaður sótti fund hjá SGS 16. Október um að gerakjarasamning við NPA miðstöðina. Harpa lögfræðingur Eflingar kynnti kjarasamninginn sem þau gerðu við NPA miðstöðina. Samþykkt var að framkvæmdastjóri ásamt Signý og Hjördísi Þóru myndu vinna málið áfram við viðsemjendur.

Formaður sótti formannafund SGS að Sætúni 1 16. Október þar sem rædd voru mál sem átti að leggja fram á þingi ASÍ 17. til 19. október.

Einnig var skipað í stjórnir Landsmentar, Sveitamentar og Ríkismentar.

Formaður sótti 40. Þing ASÍ sem haldið var á Hótel Nordika dagana 17. til 19. október.

Formaður sat fund SGS 23. október um bókun í beitningusamningum við útgerð smábáta og fjallaði um framhaldsvinnu bókunarinnar og hvort eitthvað ætti að gera í því sambandi. Samþykkt var að Aðalsteinn Baldursson og Drífa framkvæmdastjóri myndu vinna málið áfram.



Formaður sat ráðstefnu um samningagerð, umgörð kjarasamninga og sameiginleg verkefni sem haldin var af ríkissáttasemjara í samstarfi við stæðstu samtök og stéttarfélög á vinnumarkaði sem vinna að gerð kjarasamninga. Ráðstefnan stóð í tvo daga 5. og 12. Nóvember.

Fyrri daginn fluttu fjórir aðilar erindi, kennari við háskóla í Bandaríkjunum flutti erindi um samningatækni og hvernig við ættum að halda fókus í samningaviðræðunum, hinir fluttu erindi um kjarasamningsumhverfið í Svíþjóð, Noregi og Danmörk.

Síðari dagurinn fjallaði um hvernig við gætum bætt og gert umhverfi kjarasamninga betra með tilliti hinna norðurlandana og þeirra umhverfi. Fimmtudaginn 8. nóvember sat formaður aðalfund í félagi sumarhúsaeiganda í Hraunborgum í sal sjómannadagsráðs í Reykjavík.

Formaður sat fund SGS 3. desember um bókun í beitningusamningum við útgerð smábáta og fjallaði um framhaldsvinnu bókunarinnar og hvort eitthvað ætti að gera í því sambandi.

Örn Pálsson sat fundin fyrir hönd smábátaeiganda, en Drífa, Magnús, Lárus og Aðalsteinn fyrir hönd SGS. Samþykkt var að fara í tímamælingi á beitningu og uppstökkun á línu og vinna síðan áfram með málið fram að næstu kjarasamningum, eins að skoða einhversskonar bónus tengdan afla eða aflaverðmæti til beitningarmanna.

Formaður ásamt Varaformanni sóttu útvíkkapan formannafund á Hótel Selfossi þriðjudaginn 4. Desember og stóð fundurinn frá 10:00 til 16:00. Aðal umræðuefnið var endurníunkjarasamninga og hvort forsendur þeirra stæðust.

Formaður sat fund hjá Virk endurhæfing 13 des á Grand Hotel, þar sem framtíðarstefnumótun var aðalumræðuefnið og var fundurinn frá 11.00 til 12:30

Formaður sat formannafund ASÍ 13. Des á Grand Hotel. Fundurinn hófst kl 13:00 og stóð til kl, 16:00 og aðal umræðuefnið var endurskoðun á forsendum kjarasamninga og hvort framlengja eigi þeim. Samþykkt að bíða og sjá þar til 7. Janúar og halda þá annan fund.



Formaður sat fund með aðildarfélögum Landsmentar þar sem stjórnarmenn SGS í landsmennt leggja til að félögin greiði inn fé í sjóði Landsmentar. Samþikkt var að leggja það til við aðildarfélögin að greiddar yrðu 7 miljónir fyrir árið 2013 í eitt skipti, og sjá svo til hvort ekki væri hægt að ná herra gjaldi í næstu kjarasamningum.

Formaður sat formannafund ASÍ 7. janúar á Grand Hotel. Fundurinn hófst kl 13:00 og stóð til kl, 16:00 og aðal umræðuefnið var endurskoðun á forsendum kjarasamninga og hvort framlengja eigi þeim.

Fram kom að ekkert hafi komið út úr viðræðum við viðsemjendur okkar til hækkunar heldur vildu þeir fá lækkun. Samþikkt var að fara heim í hérað og kanna baklandið og hittast svo með 18. Janúar og ráða ráðum okkar.

Formaður var skipaður varamaður í umhverfisnefnd ASÍ fyrir SGS og sat fyrsta fund 8. Janúar kl, 11:00. Farið var yfir tilgang og það verkefni nefndarinnar og átti starfsmaður nefndarinnar ásamt formanni að veiða til efni sem fjalla ætti um á næstafundi sem yrði fyrripartin í febrúar.

Stjórnarfundur var haldinn 11. Janúar kl, 17:30 að Tjarnargötu 8 og voru 8 mál á dagskrá og fundi lauk kl, 19:30.

Formaður sat formannafund SGS að Sætúni 1 Reykjavík þar sem fulltrúar Virk endurhæfingar fóru yfir samstarfið við stéttarfélögin og þann árangur sem náðst hefur með umbjóðendum okkar.

Þá var fundur með formönnum þeirra félaga sem eru aðilar að Landsmennt, þar var samþikkt að félögin legðu Landsmennt til sjö miljónir árið 2013.

Síðan var fundur með þeim formönnum sem voru í samfloti með SGS í síðustu kjarasamningum og var fundarefnið hvort segja ætti upp kjarasamningum eða ekki. Formanni SGS var falið að fara með þá ákvörðun að ekki skildi segja upp kjarasamningum, gangast við því samkomulagi sem náðst hefur við SA og að undirbúa kjaraviðræður þannig að nýr samningur gæti tekið gildi þegar þessi rinni út.

Formaður sat fund umhverfisnefndar ASÍ sem haldin var í þjónustuhúsi Grafarvogskirkjugarðs 5 febrúar kl, 9:00. Heimir Janusarson hjelt fyrirlestur um hvernig hann leisti samdrátt og sparnað með grænum lausnum. Erindið var mjög áhugavert og til eftirbreitni.



Formaður sat formannafund SGS að Sætúni 1 Reykjavík 8. Febrúar kl,12:30. Þrjú mál voru á dagskrá, Drífa fór yfir tímaramma fyrir þá vinnu sem framundan er við gerð kjarasamninga, kjaramálaráðstefnur, kröfugerð og fl. Magnús Nordal fór yfir málefni stéttarfélaga, af hverju í stéttarfélagi og hvernig verkaskiptingin er milli félagana, félagsgjöld og fl.

Þeir aðilar sem eru í starfsmentaráðunum fyrir SGS sögðu frá stöðunni í mentamálunum og hvernig þörf væri á að koma með starfsheiti svo hægt væri að löggilda þau.

Formaður sat launaráðstefnu á vegum SGS sem haldinn var á Hilton Hotel dagana 18. og 19. Febrúar. Þar var aðalkjarasamningurinn samlesinn og yfirfarinn þannig að sjá hvað þyrfti að laga til og semja um í næstu kjarasamningum.

Formaður var með vinnustaðarfund 25 febrúar kl, 10:00 hjá Marmeti ehf sem var að hefja starfsemi á okkar félagssvæði og áætlaður starfmannafjöldi er milli 40-50 hjá fyrirtækinu. Farið var yfir almenna kjarasamninga og kynnt önnur þjónusta sem Verkalýðs og Sjómannafélag Sandgerðis er að veita félagsmönnum sínum.

Formaður var með vinnustaðarfund 26 febrúar kl, 9:00 hjá Flatfiski ehf sem var að hefja starfsemi á okkar félagssvæði og áætlaður starfmannafjöldi er 10-15 hjá fyrirtækinu. Farið var yfir almenna kjarasamninga og kynnt önnur þjónusta sem Verkalýðs og Sjómannafélag Sandgerðis er að veita félagsmönnum sínum.

Formaður ásamt Erlu fóru á ráðstefnu hjá starfsmentasjóðunum sem haldin var í Borganesi 4 og 5 mars. Þar voru flutt erindi er varða framtíðar stefnu um mentunarmál sem sjóðirnir eru að vinna að raunfærnimat hjá einstaklingum og fleira. Einnig fór fram hópastarf um starfsemi sjóðana og samskipti sjóðana við félögin. Kom fram að samræma þirfti uppgjör félagana við sjóðina og einnig hvernig skilin á stirkbeiðnunum færi fram.



Formaður var með vinnustaðarfund 20 mars kl, 14:00 hjá Marmeti ehf og síðan viðtalsfund við launafulltrúa Sandgerðisbæjar kl, 15:00 vegna hafnarstarfsmanna um fæðispeningagreiðslur til þeirra.

Formaður sat sem fulltrúi SGS á aðalfundi Fiskifélags Íslands fimtudaginn 21. Mars kl 10:30 til 12:00 og síðan frá 13:30 til 15:00 kinningu og umræður um hvernig markaðsetning á íslenskum sjávarafurðum væri best fyrirkomíð.

Formaður sat fjármálaráðstefnur á vegum SGS 19-20 mars um aðalkjarasamninginn og 8-9 apríl um þjónustusamninginn.

Formaður fór á fund 29. apríl þar sem nokkrir formenn félaga fóru yfir stöðuna hvernig þeir ætluðu að fara í vinnuna við undirbúning kjaraviðræðna sem framundan eru. Formennirnir skiptust á vinnugögnum sem gagnnað gætu öðrum í vinnuni ef svo bæri undir.

Stjórnarfundur haldinn 27. Maí kl, 18:00 þar sem 8mál voru á dagskrá og lauk honum kl, 20:00.

Stjórnarfundur haldinn 30. Maí kl, 19:30 þar sem 1mál var á dagskrá undirbúningur undir aðalfund og lauk honum kl, 20:00.

Svo það má segja að starfsárið hafi verið mjög annasamt og viðburðaríkt hjá stjórn og starfsfólki félagsins.

Ég sem formaður félagsins vil þakka þessu fólki fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins, þetta samstarf hefur veitt mér mikla gleði í starfi fyrir félagið.

Fyrir hönd stjórnar,
Magnús S Magnússon.
Formaður